

Alþingi
Erindi nr. P 130/2079
komudagur. 21. 4. 2004
Hvanneyri 20. apríl 2004

Til Landbúnaðarnefndar

Frumvarp til laga um búnaðarfræðslu

Athugasemdir frá starfsmönnum Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri

1) **Hlutverk háskólaráðs 22. gr.**

Hlutverk háskólaráðs á að vera óbreytt frá því sem var, þ.e. æðsti ákvörðunaraðili innan skólans, marka stefnu m.a. í kennslu, rannsóknum, mótar skipulag hans og samþykkir starfs- og rekstraráætlanir. Það á líka að tilnefna skipan rektors til Landbúnaðarráðherra skv. 25. gr eldri laga. (9. gr)

2) **Skipan háskólaráðs 23. gr (7 gr)**

Tilnefning háskólaráðsins er ekki í samsræmi við háskólalög né á engann sinn líka, þar sem nemendur eiga engann fulltrúa né starfsmenn háskólastofnunarinnar LBHÍ. Heppileg samsetning háskólaráðs er að mati starfsmanna: tveir fulltrúar starfsmanna, þ.e. einn af kennslusviði og annar af rannsóknasviði, einn fulltrúi nemenda, einn fulltrúi Landbúnaðarráðuneytis, Menntamálaráðuneytis og Bændasamtaka Íslands auk rektors.

Frumvarp til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna

1) **Um rannsóknasvið Landbúnaðarháskóla Íslands**

(30 gr) Hlutverk rannsóknasviðs Landbúnaðarháskóla Íslands er að afla og miðla þekkingu um landbúnað og landnýtingu er byggir á íslenskri náttúru og menningararfleifð...